

Öspin

Fréttabréf 2023 - 2024

Starfsfólk á Öspinni veturinn 2023-2024



Telma
Ríkharðsdóttir
Deildarstjóri



Hildur Berglind
Búadóttir
Leikskólaliði



Sigríður
Karlsdóttir
Leiðbeinandi/
afleysing

Foreldrar geta leitað til allra kennara á deildinni með dagleg samskipti og spurningar varðandi börnin sín. Foreldrar geta alltaf fengið samtöl við starfsfólk ef þeir vilja og þurfa, með samkomulagi.

Börnin á Öspinni

Í vetur verða 13 börn á Öspinni, 8 drengir og 5 stúlkur
5 drengir og 3 stúlkur í árgangi 2019
3 drengir og 2 stúlkur í árgangi 2020



Dagskipulag

Mánudagar - Síðuskóli annan hvern mánudag/innivera (málrækt) annan hvern mánudag

Priðjudagar - Vettvangsferð

Miðvikudagar - Hópastarf Yngri / Listasmiðja Eldri

Fimmtudagar - Hópastarf Eldri / Listasmiðja Yngri

Föstudagar - Frjáls leikur, útivera.

Beinn sími á Öspina er **460-6222**

GSM-númer Asparinnar er **670-4410**

<http://www.krogabol.karellen.is>

Dagatal

Mánaðarlega útbúum við dagatal fyrir deildina en þar má sjá hvað ber hæst í hverjum mánuði. Dagatalið er sett inn á heimasíðu leikskólans en þar er hægt að prenta það út og hvetjum við alla til að gera það. Börnin hafa mjög gaman af að fylgjast með hvað bíður þeirra næsta dag eða í mánuðinum. Við hvetjum ykkur líka til að skoða facebook reglulega, þar eru ýmsar upplýsingar varðandi leikskólann.

Leikurinn

Þegar börnin leika sér í frjálsa leiknum þurfa þau að velja sér ákveðin svæði og dvelja þar um stund. Tímavakinn (klukkan) er stilltur og þau dvelja á svæðinu þar til tíminn er búinn. Stundum vilja þau halda áfram og þá er það í lagi en annars mega þau fara á nýtt svæði með öðru leikefni. Tímavakann notum við til að kenna þeim að vera lengur á sama svæði, að þau vaði ekki úr einu í annað. Einbeiting þeirra eykst jafnt og þétt og leikirnir þróast.



Hópastarf

Í hópastarfinu ætlum við að vinna markvisst að því að börnin tengist vel í hópnum og að þau geti tekið tillit til félaga sinna í leik og verkefnavinnu. Námssvið leikskólans fléttast svo inn í allt starfið en þau eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Í hópastarfi vinnum við með stafi, tölustafi, lífsleikni, námssviðin, förum í sal, listasmiðju og vettvangsferðir, ásamt því að vinna með þema sem kennarinn leggur fyrir eða börnin hafa áhuga á. Á föstudögum er svo meiri blöndun og útivera. Hóparnir, blandaðir hópar Björkin og Öspin, eru eftirfarandi (með fyrirvara um breytingar):

2019	2019	2019
Hópur A / Hildur	Hópur B / Arna	Hópur C / Telma
Tristan Ingi	Porgeir Jarpi	Skarphéðinn Orri
Alexander Hinrik	Yeva	Karítas María
Ragnheiður Guðrún	Elísabet Rán	Amelía Anastazja
Elvar Kató	Jökull Heiðar	Arnór Leví
Viktor Jirayu	Mía	Nikodem
Emilia Lexí		Lilja Margrét
2020	2020	
Hópur A / Júlía Sif og Una	Hópur B / Lilja	
Arna Marý	Ísabella Ronja	
Sigurður Steinn	Gunnlaugur Breki	Hópastarf verður á
Brynjar Ísak	Hákon Valur	miðvikudögum (árg. 2020)
Hervör Brák	Bríet Örk	og á fimmtudögum (árg.
Hreinn Logi	Éleonor	2019) kl. 9:50-11:00.
Laii	Nadía Lea	
Jotham	Emanúel Þór	

Lífsleikni

Í vetur vinnum við með þrjár dygðir;

vinsemd (1. okt.- 31. des.)

- Virðing

Sköpunargleði (1. feb. - 30. apríl).

Allt okkar starf litast af þessum dygðum, s.s. í samveru, listsköpun og hreyfingu.

Í lok innlagnar hvernar dygðar erum við með svokallaða dygðastund þar sem kennarar og börn deildanna skiptast á að skemmta hinum.



Lífsleikni

Síðusel Sunnuból Krógaból

Í SEPTEMBER OG JANÚAR ER UNNIÐ MEÐ AGA OG REGLUR LEIKSKÓLANS.

Málrækt í Krógabóli.


Tungumálið skiptist í fjóra þætti, hljóðkerfi, merkingarfræði, málfræði og málnotkun. Unnið er markvisst með alla málþættina í leikskólanum. Markmiðið með málrækt á Krógabóli er að gefa börnum tækifæri á að kynnast tungumálinu og möguleikum þess á fjölbreytilegan hátt. Málþættirnir þrír eru samofnir daglegu starfi í leikskólanum en einnig er unnið á markvissan hátt með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri. Lögð er áhersla á lestur og að börn fái tækifæri til að nota málið á fjölbreytilegan hátt í starfinu, m.a. með því að læra þulur og vísur, syngja og segja frá.

Við vinnum mikið með hljóðkerfisvitund en hún hefur forspárgildi varðandi hvernig barni gengur að læra að lesa. Við kennum börnunum að hlusta með lestri og athyglisleikjum. Byrjum að vinna markvisst með takt og rím við tveggja ára aldur, höldum áfram og bætum við flóknara rími og leik með málið hjá þriggja og fjögurra ára. Þar er einnig lögð áhersla á að kenna börnunum að ritað mál og tákni hafi merkingu.

Lubbi

Við vinnum með bókina Lubbi finnur málbein. En það er námsefni sem inniheldur bókina um Lubba, hljómdisk og mynddisk. Lubbi er íslenskur fjárhundur og hann langar að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Börnin þurfa því að hjálpa Lubba að læra íslensku máhljóðin með söng og ýmsum öðrum æfingum. Þarna fer fram hljóðanáminn í þrívídd; sjón, heyrn og hreyfi/snertiskyn er notað og fer það þannig fram að börnin gera tákni fyrir máhljóðin og hljóða máhljóðin.

Listasmiðja



Við útbúum hin ýmsu verkefni sem tengjast t.d. árstíðunum, vettvangsferðum, þeirri dygð sem verið er að vinna með hverju sinni eða bara það sem okkur dettur í hug. Við notum alls kyns efnivið, t.d. málningu, blek og lím og þrátt fyrir að börnin fari í svuntur þá halda þær ekki alltaf. Fatnaður þarf því að vera í samræmi við það.

Listasmiðja í vetur verður á miðvikudögum (árg. 2019) og á fimmtudögum (árg. 2020).

Salur - Hreyfing

Hreyfing er hluti af okkar daglega lífi hér í Krógabóli. Í salnum eru hreyfistundir og njóta börnin markvissrar hreyfingar þar hálfsmánaðarlega. Í salnum læra börnin að fara í gegnum þrautabrautir, æfa stöðvaþjálfun og æfingar fyrir heilsubókina.. Krógaból er heilsuleikskóli og í nóvember og mars er heilsubókarvika, þá gera börnin æfingar eftir stöðluðum hreyfiæfingum og er það skráð í heilsubók barnsins.

Útikennsla

Í leikskólanum er mikil áhersla lögð á útiveru og hreyfingu. Við munum fara 1x í viku í vettvangsferð/gönguferð, þá er farið í lengri og styttri gönguferðir um nærumhverfi okkar. Í þessum vikulegu ferðum okkar fer fram mikið nám og hreyfing og áhersla er lögð á að byggja upp þol og þrek barnanna. Við munum einnig skoða ýmislegt annað sem okkur dettur í hug en umfram allt hafa gaman.

Vettvangsferðir/gönguferðir í vetur verða á þriðjudögum kl. 9:30 - 11.00

Veikindi

Leikskólinn er ætlaður heilbrigðum börnum. Það eru 5-7 börn á hvern starfsmann og býður stundarskráin ekki upp á að hægt sé að taka einn starfsmann út úr starfinu til að vera inni með eitt barn. Í undantekningartilvikum getur barn fengið að vera inni í einn dag eftir langvarandi veikindi. Barnið verður að vera búið að vera heima hitalaust í einn til tvo daga áður en það kemur aftur í leikskólann.

Barn á ekki að koma í leikskólann ef:

- Barnið er með hita.
- Barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar: slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.
- Barn skal sótt í leikskólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.

Afmæli

Við gerum daginn eftirminnilegan fyrir barnið, það fær kórónu, við syngjum afmælissönginn og kveikjum á kertum sem barnið síðan blæs á. Allt er þetta myndað og fær barnið afmæliskort með myndum af sér á afmældisdaginn.

Afmælisboðskort í hólf barnanna eru ekki leyfileg þar sem skapast geta óþarfa leiðindi ef eitt barn fær boðskort en annað ekki.

Karellen

Við notum leikskólakerfið Karellen til að halda utan um alla mætingu nemenda. Í kerfinu er einnig boðið upp á skráningu á svefntíma og matartíma barnanna auk þess sem myndir af börnunum eru settar inn á þeirra svæði. Foreldrar geta á einfaldan hátt sent skilaboð til deildar barnsins með upplýsingum um t.d. veikindi, hver nær í barnið o.s.frv. Á sama hátt geta kennarar sent skilaboð til hópa eða einstaka forráðamanna innan kerfisins. Karellen er einnig til sem app og mælum við með að þið náíð í það í símana ykkar eftir að þið hafið virkjað aðganginn á vefsíðunni.

Leikföng og matur

Að gefnu tilefni:

- Leikföng að heiman eru ekki leyfileg í leikskólanum.
- Stranglega er bannað að koma með mat í leikskólann þar sem nokkur börn í leikskólanum eru með bráðaofnæmi. (Það er freistandi að fá að smakka eitthvað góðgæti sem vinirnir hafa ef til vill í poka eða ofan í tösku). Við gerum þó undantekningu á þessu þegar það er nestisdagur.

Foreldrasamtöl

Á tímabilinu mars til maí eru foreldrar boðaðir í samtöl þar sem farið er yfir heilsubók barnsins, þroska og líðan þess í leikskólanum. Ef óskað er eftir fleiri samtölum þá er sjálfsagt að veita þau og hvetjum við ykkur að hafa samband við okkur.

Kaffidagar

Börnin á Öspinni bjóða foreldrum sínum í aðventukaffi í byrjun desember. Þetta verður auglýst nánar síðar.

Vistunartími



Leikskólinn er opinn frá **7:45-16:15**

Við viljum vinsamlegast biðja ykkur um að virða vistunartíma barna ykkar.

Barnið á að vera farið úr leikskólanum þegar vistunartíma þess líkur.

t.d. ef barn á vistunartíma til kl. 14:00 eða 16:15 þá á það að vera farið út úr leikskólanum á þeim tíma. Það sama gildir á morgnana, börn seim eiga tíma frá kl. 8:00 koma ekki fyrr en kl. 8:00. Við viljum benda á þetta þar sem fjöldi starfsmanna fer eftir því hversu mörg börn eru á deildinni á hverjum klukkutíma. Ef eitthvað óvænt kemur upp á þá vinsamlegast hringið og látið okkur vita, best er þá að hringja í okkur í gsm númer Asparinnar 670-4410.

Fataherbergi

Kassinn í fataherberginu er ætlaður undir auka útifatnað. Útiföt: úlpa, snjófatnaður, pollaföt eiga að hanga í hólfinu. Auka innifatnaður er í körfum inni á baðherbergjum.

Skór fara upp á skógrind fyrir neðan hólfin og stígvél einnig.

Allur blautur og óhreinn fatnaður úr hólfum á að fara heim daglega.

Mikilvægast af öllu er taupokinn: Hann er ætlaður til að flytja fatnað milli heimilis og skóla og undir blaut og skítug föt eftir daginn.

Einnig viljum við brýna fyrir foreldrum að merkja öll föt, skó og stígvél.

Bílaplan

Á bílaplani leikskólans eru tvö stæði fyrir fatlaða.

Þessi stæði eru ætluð fyrir fjölskyldur barna sem eru í flokki fatlaðra og eiga foreldrar þessara barna rétt á að nota þessi bílastæði. Einnig geta verið í leikskólanum foreldrar sem eiga rétt á að leggja í þessi bílastæði en bera ekki sjúkdóma utan á sér og biðjum við foreldra að virða það.

Einnig viljum við minna foreldra á að drepa á bílum þegar þeir koma með eða sækja barnið. Þegar bílar eru enn kaldir myndast tiltölulega hátt hlutfall af eiturgasinu kolmónoxíð og í hægum vindi liggur þetta eitur í öndunarhæð barnanna.

Mikilvægt:

- keyra inn á bílaplanið um efri innkeyrslu
- keyra út af bílaplaninu um neðri útkeyrslu
- loka og læsa leikskólalhiðinu þegar þið gangið um það
- gæta þess að ekkert barn fari út um hliðið nema ykkar eigið
- að börnum sé ekki leyft að opna og loka hliðinu
- látið okkur vita þegar þið sækið börnin á útisvæðinu, ekki alltaf sem við sjáum þegar barn er sótt. Ef þið sjáið ekki kennara deildarinnar úti látið þá kennara á öðrum deildum vita.

Vinsamlegast upplýsið ættingja og vini sem eru að sækja eða koma með börnin ykkar í leikskólann um þessar reglur.

Kveðja frá kennurum Asparinnar með von um gott samstarf í vetur.

Telma, Hildur og Sigga.